

65. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum. Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri skal hafa ákveðinn viðtalstíma sem auglýstur skal á skrifstofu bæjarins.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfslíðs bæjarins. Í forföllum bæjarstjóra gegnir bæjarritari störfum hans, nema þau séu sérstaklega öðrum falin. Forfallist bæjarstjóri um lengri tíma, skal bæjarráð setja mann til að gegna störfum hans, en þó aldrei lengur en þrjá mánuði í senn.

66. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn eftir því sem nánar segir í reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Kópavogskaupstaðar, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Bæjarráð getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um ráðningar í stöður hjá bænum, svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Starfsmenn skulu hlíta reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Kópavogskaupstaðar eins og þær eru á hverjum tíma samþykktar af bæjarstjórn.

Samþykkt þessi er gerð af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi Samþykkt um stjórn bæjarmálefna Kópavogskaupstaðar nr. 276/1984 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júní 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ**um breyting á mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989.**

1. gr.

Gildistöku 2. liðar í viðauka 6 í reglugerð nr. 386/1989 er frestað til 1. janúar 1991.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Umhverfissráðuneytið, 15. júní 1990.

Júlíus Sólnes.

Páll Líndal.